

**Ed.**

**328. Frumvarp til laga**

um bráðabirgðabreyting laga um fræðslu barna, nr. 40 15. júní 1926, og laga um skipun barnakennara og laun þeirra, nr. 75 28. nóv. 1919.

Flm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Frá 1. júlí 1936 til 1. júlí 1939 skulu lög um fræðslu barna, nr. 40 15. júní 1926, og lög um skipun og laun barnakennara, nr. 75 28. nóv. 1919, vera í gildi með eftirfarandi breytingum og viðaukum.

## 2. gr.

- I. Hvert barn, sem er 10 ára að aldri, á að geta lesið algengt íslenskt mál skýrt og hiklaust, skrifað alla íslenska bókstafi glögg og hreinlega og reiknað í huganum einföld dæmi um efni, sem eru barninu kunn.
- II. Þegar barn er 14 ára og skólaskyldu sleppir, skal það:
  1. Geta lesið móðurmál sitt hljóðvillulaust, rétt og ábeyrilega, sagt skilmerkilega frá efni, er það les, og gert grein fyrir á einföldu máli, með hreinlegri rithönd og ritvillulítið. efni, er það þekkir vel.
  2. Geta sagt frá höfuðviðburðum í 5 Íslendingasögum.
  3. Kunna utanbókar ekki minna en 20 íslensk úrvalskvæði, frumsamin eða þýðingu, og 5 sálma, sem bæði hafa trúarlegt og bókmenntalegt gildi.
  4. Hafa lesið vandlega með ýtarlegum skýringum kennara Markúsarguðspjall og þekkja vel dæmisögur Krists í hinum þrem guðspjöllunum. Auk þess skal kennarinn hafa gefið börnunum yfirlit um sögu Gyðinga fram að Krists fæðingu.
  5. Geta reiknað fjórar höfuðgreinar reiknings, einskonartölur, tugabrot, og flatarmál og rúmmál einföldustu hluta.
  6. Þekkja aðaldrætti í æfisögu 20 helztu Íslendinga og 20 frægra manna úr veraldarsögunni.
  7. Kunna skil á byggingu sólkerfisins, þekkja mun á fastastjörnum og reikistjörnum, kunna að nota landabréf, þekkja álfurnar og heimshöfin, mestu sléttur og fjallgarða og höfuðmun á loftslagi, gróðri og dýralífi í beltum jarðarinnar, hafa nokkurnveginn ljóst yfirlit um landshætti á Íslandi, helztu byggðir og kaupstaði, og ríkjaskipun sjálfstæðra landa.
  8. Hafa glögga hugmynd um gerð mannslikamans, hollustubætti, mataræði og skaðsemi tóbaks og áfengis. Þekkja nokkrar helztu íslenskar plöntur og kunna glögg skil á lífnaðarháttum þýðingarmikilla dýra, einkum þeirra, sem atvinna landsmanna byggist á.
  9. Kunna nokkur einföld íslensk sönglög, einkum við ættjarðarljóð og íþróttaljóð.
  10. Geta gert einfaldar dráttmyndir.

Auk þeirrar fræðslu, sem að framan getur, skulu börn á aldrinum 10–14 ára geta fengið frekari kennslu í náttúrufræði, íþróttum, garðrækt, handavinnu og smíðum, eftir því sem ákveðið kann að verða í reglugerð, er kennslumálastjórnin semur. Útlend tungumál má ekki kenna í barnaskólum, nema þeim börnum, sem eru fluglæs, skrifa móðurmálið ritvillulaust og kunna að greina venjulegt mál villulítið í alla orðflokka, föll, stig, myndir og tíðir sagnorða.

## 3. gr.

Hver fastráðinn kennari við skóla í kaupstað eða kaптúni skal geta annazt almenna bóklega kennslu (undantekin leikfimi, söngur og handavinna) og eftirlit með allt að 50 börnum, en kennarar við heimavistarskóla, heimangöngu-skóla og farskóla með 30–50 börnum. Kennarinn skal skyldur að starfa að kennslu eða uppeldislegu eftirliti með nemendum sínum allt að 11 mánuði á ári, eftir fyrirlagi kennslumálastjórnar og skólanefndar. Þar, sem börn eru skóla-

skyld 8—10 ára, kennir kennarinn þeim börnum, sem þess þurfa með, lestur, skrift og einfaldan hugarreikning vor og haust, eftir fyrirlagi skólanefndar. Um sumartímamann safna kennarar í sveitum og kauptúnum skólabörnunum í smáflokka á sunnudögum, eftir því sem annir leyfa frá heimilisstörfum, og kenna þeim náttúrufræði við barna hæfi, með því að athuga steina og jarðlög, dýr og jurtir. Í kaupstöðum og stærri kauptúnum ber kennurum, eftir því sem skólanefnd mælir fyrir, að halda lögskipuðum tímafjölda um sumartímamann við að vera með nemendum sínum frá vetrinum við leiki, íþróttir og vinnu, einkum við garðrækt, að því leyti sem þessi börn eru að sumrinu iðjulaus eða iðjuhlítill á heimilum sínum. Kennslumálaráðherra getur, að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólanefnda, fyrirskipað með reglugerð, að börn á skólaskyldualdri í kaupstöðum og kauptúnum, sem ekki hafa reglubundna vinnu yfir sumartímamann, skuli vera háð valdi og umsjón skólanefndar. Skiptir skólanefnd síðan verkum með föstum kennurum skólans um samstarf og eftirlit með börnum þessum eins og að framan greinir.

#### 4. gr.

Þeir barnakennarar, sem uppfylla fyrirmæli þessara laga um að kenna eða hafa eftirlit með skólaskyldunámi tiltekinnar tölu skólabarna, fá í þau þrjú ár, sem lög þessi gilda, þá launauppbót, sem hér segir:

- a. Skólastjórar í kaupstöðum, í viðbót við núverandi laun og dýrtíðaruppbót, 100 kr. fyrir hvern af 7 fyrstu kennurum skólans og 50 kr. fyrir hvern, sem þar er fram yfir, þó svo, að laun þeirra verði aldrei meira en 30% fram yfir kennaralaun við sama skóla og ekki minna en 10% fram yfir kennaralaun.
- b. 1. Giftir kennarar í Reykjavík 1200 kr. í húsaleigustyrk.  
2. Ógiftir kennarar í Reykjavík 600 kr. í húsaleigustyrk.
- c. Forstöðumenn heimavistarskóla í sveit fá 30 kr. fyrir hvert barn frá 30 upp að 50.
- d. 1. Giftir kennarar við skóla í kaupstöðum utan Reykjavíkur fá í húsaleigustyrk 800 kr.  
2. Ógiftir kennarar við skóla í kaupstöðum utan Reykjavíkur fá í húsaleigustyrk 400 kr.
- e. 1. Giftur kennari við heimangönguskóla utan kaupstaða og farkennarar fá í húsaleigustyrk 500 kr.  
2. Ógiftur kennari fær undir sömu kringumstæðum 250 kr. í húsaleigustyrk.  
3. Farkennari fær auk þess 30 kr. fyrir hvert barn, sem hann kennir eða hefir eftirlit með, frá 30 og upp að 50. Þó fær farkennari ekki hærri laun og launauppbót en svo, að laun hans verði jöfn launum kennara í fastri stöðu við heimangönguskóla utan kaupstaðar.
- f. 1. Fræðslumálastjórn skal með reglugerð ákveða barnakennurum, sem hafa að sérgrein kennslu í teikningu, smíðum, handavinnu og leikfimi, vinnuskyldu, sem samsvarar því, að kennarar í bóklefum fræðum kenni 50 börnum, og hafa þá þessir kennarar í sérgreinum sömu aðstöðu með laun eins og framangreindir barnakennarar.

2. Þar, sem farkennari hefir minna en 30 börn til kennslu eða eftirlits, greiðir rikissjóður og hlutaðeigandi sveitarsjóður eða sveitarsjóðir til hans í laun 65% af því meðaltali, sem farkennsla hefir kostað á hvert barn í landinu skólaárið 1934—35, eftir útreikningi fræðslumálaskrifstofunnar.

Meðan lög þessi eru í gildi halda barnakennarar þeir, sem uppfylla skilyrði þessara laga um kennslu og eftirlit með ákveðinni lágmarkstölu barna á skóla-skyldualdri, stofnlaunum sínum samkvæmt launalögunum frá 1919. Ennfremur hlunnindum, sem eldri lög mæla fyrir, svo sem aldursuppbótum, svo og dýrtíðaruppbót frá bæjarfélögum eins og hún er nú. Launauppbót sú, sem hér er ákveðin, er vegna aukins starfs kennaranna. Skal hún skiptast hlutfallslega milli ríkisins annarsvegar og bæjar- og sveitarfélaga hinsvegar, eftir sömu reglum eins og frumlaun kennara samkvæmt launalögunum frá 1919.

#### 5. gr.

Forstaða og kennsla við heimavistarbarnaskóla í sveitum skal jafnan vera uppsegjanleg frá hálfu skólanefndar með eins árs fyrirvara.

#### 6. gr.

Þar, sem fyrirmæli þessara laga verða ekki, utan kaupstaða, framkvæmd nema með samfærslu skólahéraða, skulu formenn allra skólanefnda í hlutaðeigandi sýslu halda fund um málið og gera tillögu til kennslumálastjórnarinnar, sem ákveður takmörk skólahéraðanna meðan bráðabirgðaákvæði þessi eru í gildi. Kennslukostnaði samkvæmt lögum þessum skal jafnframt af kennslumálastjórninni jafnað niður á hin einstöku sveitarfélög, eða hluta af sveitarfélögum, eftir sömu reglum og sýslusjóðsgjaldi, að því leyti sem kennslukostnaðurinn fellur á skólahéruðin.

#### 7. gr.

Kennslumálaráðuneytið ákveður með reglugerð um lengd kennslutíma barna á skólaskyldualdri og undanþágur í því efni. Skal við þá ákvörðun taka fyllsta tillit til þess, að börnum sé kennt á heimilunum til 10 ára aldurs, og að í sveitum og minni kauptúnum sé námið svo sem unnt er heimafræðsla og sjálfsnám undir eftirliti kennarans, en veran í skólunum til þess að fullkomna og bæta heimafræðsluna. Í kaupstöðum skal leggja áherzlu á, að skólabörn séu látin stunda útivist, íþróttir og vinnu, að sama skapi og dregið er úr skólasetu hvers barns, með því að kennarinn hefir umsjón með bóknámi 50 barna.

#### 8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1936.

### G r e i n a r g e r ð .

Frv. þetta er lagt fram í því skyni, að það geti orðið grundvöllur að samkomulagi um laun kennara og störf þeirra. Samkvæmt því á að lögfesta bráðabirgðaskipulag til þriggja ára, og verður framkvæmd þess mjög háð reglugerð-

um frá kennslumálastjórninni. Breytingar þær, sem um er rætt á fræðslumálum, eru mjög stórfelldar og alveg óhjákvæmilegar. Gallarnir á núverandi skipulagi eru margir og auðsæir. Sumstaðar er kennari yfir 6—10 börnum. Kennslukostnaður á barn er afarmismunandi, frá 25 kr. upp að 260 kr. Kennarastéttinni fjölgar með ári hverju, og kostnaður ríkissjóðs vex sum árin um 20—30 þús. kr. án þess að ástæða sé til að halda, að kennslan í landinu batni. Kennarastéttin í landinu er að verða afarfjöldmenn, en yfirleitt frámunalega illa launuð og á margan hátt eins og rötarslitin grein. Kennararnir hafa langt sumarfrí, og verða þá oft að flæmast í vinnu langt frá heimilum sínum. Á þann hátt dragast þeir niður í eigin álit og annara. Þeir eru allt sumarið fjarri nemendum sínum, og er þá hætt á, að fá hönd nema lögin og sultar kaupið tengi þessa tvo aðila saman að vetrinum. Á síðari árum hefir æ orðið erfiðara fyrir kennara að fá vinnu, þó að þeir hafi til þess fullan vilja. En á sama tíma og þeir ganga iðjulausir í of löngu sumarfríi vex barnaskarinn upp í kaupstöðum og kauptúnum mjög hirðingar- og ræktarlitill, að því leyti sem börnunum er ekki komið að stöðugri vinnu eða í sveit. En með vexti bæja og kauptúna verða stöðugt fleiri börn, sem heima sitja iðjulaus á mölinni.

Kennarastéttin hefir ein af öllum launastéttum rétt Alþingi hönd og sagt: Við viljum, að stétt okkar fari fram að menntun. Við viljum gjarnan vinna meira en áður, breyta skipulaginu og kenna fleiri börnum hver heldur en nú er gert. En þeir segjast líka vilja, að þeim sé betur launað, svo að þeir geti sinnt starfi sínu allt árið. Fjárveitinganefnd sú, sem starfaði að því að undirbúa nügildandi fjárlög, kom með bráðabirgðatillögur um fækkun kennara og launabót þeirra, og stóðu að þeirri uppástungu menn úr öllum þrem þingflokkunum. Er hér haldið áfram lengra á sömu braut.

Með lögum um háskólabyggingu, sem Alþingi hafði til meðferðar á þingunum 1930, 1931 og samþykkti loks 1932, var ákveðið, að hin sérfræðilega menntun kennara skyldi flytjast í þá stofnun. Nú er langt komið að undirbúa teikningu háskólans og er þar séð fyrir nægilegu húsrúmi í þessu skyni. Á fulltrúafundi kennara í vor sem leið samþykkti kennarastéttin að leggja til, að undirbúningi kennara yrði hagað þann veg, að ofan á undirbúning úr héraðs- eða gagnfræðaskólum kæmi nokkuð þungt þriggja vetra nám í tungumálum og öðrum nauðsynlegum fræðigreinum, og síðan tveggja vetra vísindalegt nám í háskólanum, í sálfræði og uppeldisvísindum. Hér fer því saman ákvörðun Alþingis og vilji stéttarinnar. Báðir aðilar gera ráð fyrir, að kennaraskólinn í sinni núverandi mynd verði lagður niður, undirbúningur kennaranna bættur. En að sjálfsgöðu verður hver kennari þá að komast yfir meira en kennslu 6—10 barna. Mér hefir komið til hugar að gera þá tillögu við samþykkt kennaranna frá í vor sem leið, að kennaraskólinn yrði lagður niður, en stúdentar, sem komnir væru yfir 21—22 ár og uppfylltu ákveðin sérstök skilyrði um undirbúning, yrðu kennaraefni framtíðarinnar, og að þeir fengju sína vísindalegu kennslu í kennaraskólahúsinu fyrst um sinn, þar til háskólabyggingin er fullgerð. Með þessu móti má spara ríkinu algerlega þriggja ára undirbúningsdeild. Stúdentar eru nægilega margir, og vel það, og með þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á báðum skólunum í seinni tíð, er undirbúningur stúdenta í þessum efnum hag-

kvæmari en áður, m. a. af því, að þeir eru nú vanari erfiðri vinnu en fyrr, hafa stundað betur útilif og iþróttir heldur en áður var síður.

Allar þessar djúptæku breytingar eru hafðar í huga við flutning þessa frv. Það er ekki flutt vegna neins ákveðins flokks. Ekki fyrir kennslumálastjórnina eða kennarana. Það er flutt vegna barnafræðslunnar, vegna foreldranna, gjaldenda í landinu og kennaranna, þó að vafasamt sé, að þeim líki það nema að sumu leyti. Engum er ljósara en mér, að á slíkri bráðabirgðasmíð má finna marga galla. En engu að síður er ég fullviss um það, að ef þingið gæti fallið á aðallhugsun frv., þá væri með því stigið stórt spor í rétta átt. Hin óeðlilega og dýra kennarafjölgun myndi hætta. Barnafræðslan yrði til muna ódýrari en nú, bæði fyrir ríkið og bæjarfélögin. Starfandi kennarar yrðu betur launaðir en nú, og þeir yrðu með nemendum sínum sem vinir og félagar allt árið. Á næstu þrem árum myndi fást reynsla, sem hægt yrði að byggja á fast framtíðarskipulag, sem enginn getur sagt nú með vissu, hversu beri að haga.

Tillögur þessar eru þó ekki sízt fluttar vegna barnanna. Enginn vafi er á því, að þau eru nú víða of lengi í skóla hvern dag, að þau eru þreytt og leið á skólasetunum, að þau hafa of mikið af ítrodningi, en of lítið af frjálsum lestri, of lítið af hreyfingu, vinnu, útiferðum, iþróttum. Ég geri ráð fyrir, að skólabókafrv. það, sem Vilm. Jónsson landlæknir hefir undirbúið, nái fram að ganga á þessu þingi, og að kennslubækur framtíðarinnar verði betri og skemmtilegri heldur en tíðkæpt hefir, þannig að kennsla barna geti miklu meira en nú tíðkæpt orðið sjálfsnám, í heimilum og bókasöfnum.

Um eitt atriði í þessu frv. vil ég sérstaklega taka fram, að það er af beiskri nauðsyn. Það er um uppsegjanleika kennara við heimavistar skóla í sveit. Það er algerlega óhugsandi að láta þá kennara hafa lífstíðarráðningu. Foreldrum er það að réttu lagi svo viðkvæmt mál, hvernig líf og bæjarbragur er í þeim skólum, þar sem hálfvaxin börn þeirra eru skyld að dvelja, utan foreldrahúsa, að framhjá því ákvæði verður ekki komið. Hinsvegar er reynsla fengin fyrir því í samvinnufélögunum, þar sem allir kaupstjórar eru ráðnir með 6 mánaða uppsagnarfresti, að fólki í sveit er ekki gjarnt til skipta á starfsmönnum, nema ef tilefni eru mikil.